

368. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 21. maí 2026 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**

- 1) **Nýting félagsheimilisins Rastar fyrir börn og ungmenni.**  
Halldóra Kristín Unnarsdóttir komst ekki á fundinn og samþykkti því bæjarráð að fresta afgreiðslu á erindinu og taka það fyrir á fundi síðar í sumar.
- 2) **Bréf frá Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, dags. 30. apríl 2026, varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra til Jaðars vegna endurnýjunar á sjúkrakallkerfi.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, dags. 30. apríl 2026, varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra til Jaðars vegna kaupa á nýrri lyftu.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Bikers Paradise ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, C-minna gistiheimili, að Sandholti 45 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Bikers Paradise ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, C-minna gistiheimili, að Sandholti 45 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 5) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 18. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um leiðréttu umsókn Sveins Gíslasonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sveins Gíslasonar., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Fossi í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 13. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um breytingu á gildu rekstrarleyfi Gistiheimilisins Hofs úr flokki II, gististaður án veitinga, í flokk IV, gististað með áfengisveitingum, ásamt fjölgun á gistirýmum upp í 88 gesti og veitingarými upp í 120 gesti, að Hofgörðum í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Gistiheimilisins Hofs, um leyfi til breytinga á gildu rekstrarleyfi úr flokki II, gististaður án veitinga, í flokk IV, gististaður með áfengisveitingum, ásamt fjölgun á gistirýmum upp í 88 gesti og veitingarými upp í 120 gesti, að Hofgörðum í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.


- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 11. maí 2026, varðandi ósk um umsögn bæjarráðs um umsókn Ólafsvík Guesthouse ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, B-minna gistiheimili, að Brautarholti 7 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Ólafsvík Guesthouse ehf., um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, minna gistiheimili, að Brautarholti 7 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 8) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri ræddi niðurrif Áttthagastofunnar. Verkið gekk vel.
  - Bæjarstjóri sagði frá því að Pakkhúsið var opnað um daginn. Það er mjög jákvætt að komið sé líf í það fallega hús.
  - Bæjarstjóri sagði frá undirbúningi fyrir almyrkvann í ágúst.
  - Bæjarstjóri fór yfir fjármál.
  - Bæjarstjóri ræddi um sölu á húsnæði Jaðars til ríkisins.
  - Bæjarstjóri þakkaði bæjarráði ánægjulegt samstarf á síðasta kjörtímabili og sér í lagi Fríðu og Birni sem eru á sínum síðasta fundi sem bæjarfulltrúar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:53

  
Júníana Björg Ottarsdóttir

  
Björn H. Hilmarsson

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lía Ólafardóttir, bæjarritari